

um breyting á lögum nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Að fengnum meðmælum safnaðarstjórnar er heimilt að veita lán úr Kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, hafi viðkomandi söfnuður neitað að taka við kirkjunni sem safnaðarkirkju með sanngjörnum kjörum að dómi prófasts, enda sé kirkjan notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar svo sem safnaðareign væri og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi sjóðsstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um kirkjubyggingasjóð, sem ganga í gildi 1. janúar 1955, veitir sá sjóður vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Lánin eru þó, samkvæmt lögnum, eingöngu veitt þjóðkirkjusöfnum. Nú er svo ástatt, að af sóknarkirkjum landsins, um 280 talsins, eru 10% í einkaeign, svonefndar bændakirkjur, sem notaðar eru á sama hátt og aðrar sóknarkirkjur. Þetta fyrirkomulag er arfur frá löngu liðnum tíma, og hafa núverandi kirkjubændur ekki getað komizt hjá að „eignast“ kirkjurnar með jörðunum, en því fylgir sú kvöð, að því er talið er, að halda kirkjunum við og endurbyggja þær, ef með þarf, svo og að greiða annan kostnað við kirkjuhaldið, að því leyti sem kirkjugjöld hrökkva ekki til þess. Sú leið er að vísu til í þessu máli, að söfnuðir taki að sér bændakirkjur með samkomulagi við kirkjueigendur, og mun það af kirkjustjórninni talið æskilegast. En óski söfnuður af einhverjum ástæðum ekki eftir að eiga kirkju sína, virðist eðlilegt og raunar sjálfsagt, að kirkjubóndi geti fengið lán, ef þess þarf með, til að endurbyggja kirkju eða endurbæta, enda sé safnaðarstjórn því meðmælt.

Greinargerð þessari fylgir skrá um þær sóknarkirkjur í landinu, sem nú virðast vera bændakirkjur, gerð samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu biskups um þessi efni.

Fylgiskjal.

Bændakirkjur.

1. Möðrudalskirkja í Norður-Múlaprófastsdæmi.
2. Njarðvíkurkirkja í Norður-Múlaprófastsdæmi.
3. Húsavíkurkirkja í Norður-Múlaprófastsdæmi.
4. Berunesskirkja í Suður-Múlaprófastsdæmi.
5. Keldnakirkja í Rangárvallaprófastsdæmi.
6. Árbæjarkirkja í Rangárvallaprófastsdæmi.
7. Úthlíðarkirkja í Árnassprófastsdæmi.
8. Búrfellskirkja í Árnassprófastsdæmi.
9. Viðeyjarkirkja í Kjalarnessprófastsdæmi.
10. Fitjakirkja í Borgarfjarðarprófastsdæmi.
11. Hjarðarholtskirkja í Mýraprófastsdæmi.
12. Bjarnarhafnarkirkja í Snæfellsnessprófastsdæmi.
13. Skarðskirkja í Dalaprófastsdæmi.
14. Skálmarnesmúlakirkja í Barðastrandarprófastsdæmi.
15. Saurbæjarkirkja í Barðastrandarprófastsdæmi.
16. Eyrarkirkja í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
17. Ögurkirkja í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
18. Nauteyrarkirkja í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
19. Melgraseyrarbænarhús í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.
20. Holtastaðakirkja í Húnavatnsprófastsdæmi.
21. Bólstaðarhlíðarkirkja í Húnavatnsprófastsdæmi.
22. Svínavatnsskirkja í Húnavatnsprófastsdæmi.
23. Vesturhópshólakirkja í Húnavatnsprófastsdæmi.
24. Silfrastaðakirkja í Skagafjarðarprófastsdæmi.
25. Reykjakirkja í Skagafjarðarprófastsdæmi.
26. Hólakirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
27. Möðruvallakirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
28. Grundarkirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi.
29. Reykjahlíðarkirkja í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.
30. Þveráarkirkja í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.